



Kópavogi, 10. febrúar 2022
2202267/999.00 RH

Efni: Opnunartími frístunda í grunnskólum

Lagt er til að opnunartími frístunda í Kópavogi sé stytur sem nemur 30 mínútum á dag frá klukkan 17:00 til klukkan 16:30 frá með hausti 2022.

Tillagan er byggð á eftirfarandi atriðum:

- Leikskólar Kópavogs eru opnir til klukkan 16:30 og þannig væri opnunartími frístunda samræmdur við leikskóla bæjarins.
- Skráning á vistunartíma til klukkan 17:00 er lítil, aðeins um 0% - 7,2%. Nýting þess tíma er enn minni (sjá töflu hér að neðan).
- Manna þarf frístundina þannig að 2 frístundaleiðbeinendur séu til taks meðan börn eru á staðnum.
- Oft reynist erfitt að manna tímann frá 16:30 – 17:00.
- Stuðlar að stytting vinnuvikunnar hjá börnum, það er langur dagur hjá litlum börnum að vera í skóla og frístund í 9 klukkustundir á dag.
- Þegar sumarfrístund er starfrækt í ágúst hefur vistunartími verið í boði kl. 8:00 – 16:00 og litlar athugasemdir hafa borist frá foreldrum. Að sama skapi er jólaopnun og páskaopnun einnig frá 8:00 – 16:00 og ekki hafa verið gerðar athugasemdir við það.

Taflan hér fyrir neðan sýnir fjölda barna sem skráð til 17:00 í hverri frístund – annars vegar stöðuna í nóvember 2021 og hins vegar í janúar 2022. Jafnframt sýnir taflan nýtingu þeirra skráninga.

Frístund 8. – 12. nóv. 2021				Frístund 31 jan.- 4. feb. 2022			
Frístund skóli	Heildar fjöldi barna	Meðaltal barna skráð til 17:00 á dag	Fjöldi sem nýtir vistun yfir vikuna	Frístund – skóli	Heildar fjöldi barna	Meðaltal barna skráð til 17:00 á dag	Fjöldi sem nýtir vistun yfir vikuna
Álfhóll Álfhólsskóla	135	7	4 börn, 0,8 að jafnaði á dag	Álfhóll – Álfhólsskóla	121	6-7	2 börn, 0,4 að jafnaði á dag

Hörðuheimar Hörðuvallaskóla	207	13	8 börn – 1,6 að jafnaði á dag	Hörðuheimar Hörðuvallaskóla	197	11	11 börn, 2,2 að jafnaði á dag
Vinahóll Kársnesskóla	184	10	9 börn, 1,8 að jafnaði á dag	Vinahóll Kársnesskóla	176	8	13 börn, 2,6 að jafnaði á dag
Stjarnan Kópavogsskóla	130	6	8 börn, 1,6 að jafnaði á dag	Stjarnan Kópavogsskóla	129	7	11 börn, 2,2 að jafnaði á dag
Demantabær Lindaskóla	120	4	3 börn, 0,6 að jafnaði á dag	Demantabær Lindaskóla	116	4	0 börn nýttu plássioð þessa viku
Dægradvöl Salaskóla	154	2	2 börn, 0,4 að jafnaði á dag	Dægradvöl Salaskóla	151	4	7 börn, 1,4 að jafnaði á dag
Drekaheimar Smáraskóla	128	2,5	2 börn, 0,4 að jafnaði á dag	Drekaheimar Smáraskóla	116	2	0 börn nýttu plássioð þessa viku
Krakkaland Snælandsskóla	148	3	2 börn, 0,4 að jafnaði á dag	Krakkaland Snælandsskóla	145	0	0
Stjörnuheimar Vatnsendaskóla	122	6	11 börn, 2,2 að jafnaði á dag	Stjörnuheimar Vatnsendaskóla	115	6	6 börn, 1,2 að jafnaði á dag

Virðingarfyllst,

Ragnheiður Hermannsdóttir
Deildastjóri grunnskóladeildar